

**Fundargerð 275. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps
fimmtudaginn 10. apríl 2008 kl. 15:00.**

Fundarstaður: Fundarsalur hreppsnefndar Maríutröð 5 a, Reykhólum.

Fundargerðin rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður að stærð.

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Egill Sigurgeirsson, Sveinn Ragnarsson, Karl Kristjánsson, Rebekka Eiríksdóttir og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Dagskrá:

Fundargerðir:

1. Fundargerð 274. fundar hreppsnefndar 13.mars 2008. Samþykkt.
2. Fundargerð skipulags- bygginga- og hafnarnefndar 7. apríl 2008. Samþykkt.

Til afgreiðslu:

1. Drög að samningi um gagnkvæma aðstoð slökkviliða Stykkishólms, Grundafjarðar, Snæfelsbæjar, Búðardals, Reykhóla og Borgarbyggðar. Samningurinn samþykktur.
2. Bréf dags. 13. mars 2008 frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu varðandi lóð kirkju og kirkjugarðs á Stað, Reykhólahreppi. Ákveðið að biðja um fund með Kirkjugarðaráði. Karli og Agli falið að vinna í málinu.
3. Bréf dags. 19. mars 2008 frá Landgræðslu ríkisins um samráð við sveitarfélög varðandi Héraðsáætlanir Landgræðslunnar. Reykhólahreppur þiggur kynningarfund. Sveitarstjóra falið að vera tengiliður.
4. Bréf dags. 1. mars 2008 frá Icefitness ehf (Skólahreysti) með umsókn um styrk. Erindinu hafnað.
5. Bréf dags. 27. mars 2008 frá Hergils sf. með beiðni um þátttöku í kostnaði vegna viðgerðar á Vesturbúðavör í Flatey. Afgreiðslu frestað þar til nauðsynleg leyfi liggja fyrir.
6. Þriggja ára fjárhagsáætlun Reykhólahrepps, síðari umræða. Samþykkt.

Mál til kynningar:

1. Bréf dags. 26. mars 2008 frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga varðandi fjórðungsþing Vestfirðinga 5. og 6. sept. n.k. á Reykhólum. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf dags. 28. mars 2008 frá Úrvinnslusjóði um breytt fyrirkomulag varðandi greiðslu fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum. Lagt fram til kynningar.
3. Afrit af bréfi dags. 12. mars 2008 til Vegagerðarinnar frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga með ályktun um snjómokstur um Hrafnseyrar- og Dynjandisheiði og norður í Árneshrepp. Lagt fram til kynningar.

Önnur mál:

1. Bréf dags. 7. apríl 2008 frá Vegagerðinni með beiðni um framkvæmdaleyfi fyrir nýbyggingu vega í Gufudalssveit. Afgreiðslu frestað á meðan nánari gagna er aflað.
2. Bréf dags. 27. mars 2008 frá foreldrum barna á leikskólaaldri með áskorun um úrbætur í húsnæðismálum leikskólans. Sveitarstjóra falið að hafa samband við verkfræði- og/eða arkitektastofur til undirbúnings verksins.
3. Nafn á Tilraunastöðina, ákvörðun. Samþykkt að velja nafnið Kötluland.

4. Umsagnir um frumvörp til skipulagslaga, mannvirki og brunavarnir, sbr. bréf dags. 26.feb.2008 frá Umhverfisnefnd Alþingis. Ákveðið að veita ekki sérstakar umsagnir en lýsum yfir stuðningi við umsagnir Sambands íslenskra sveitarfélaga.
5. Kynning á efni fundar um samvinnu um íþrótt- og æskulýðs- og tómstundamál. Gústaf Jökull fræddi fundarmenn um hugmyndir þess efnis að börn grunnskólans hafi aðgang að íþrótt- og félagsstarfi á skólatíma. Nefnd hefur verið skipuð til að vinna í málinu og mun hún skila tillögum til hreppsnefndar fyrir næsta fund.

Fundi lokað kl. 18:36.

Trúnaðarmál.

Farið yfir viðskiptamannareikninga.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 19:22.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Egill Sigurgeirsson (sign)

Karl Kristjánsson (sign)

Sveinn Ragnarsson (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)

Rebekka Eiríksdóttir (sign)